

## Ákvörðun hámarksfjölda í samkomuhúsum

Eftirfarandi vinnureglur eru teknar saman fyrir þá sem þurfa að ákvarða leyfilegan fólksfjölda í samkomuhúsum með tilliti til ástands þeirra miðað við gildandi reglur um brunavarnir.

Um samkomuhús gildir byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Hús sem rúma allt að 50 manns skulu a.m.k. uppfylla ákvæði sem gilda um fjölbýlishús.

Í öllum samkomuhúsum skal þó vera út- og neyðarlýsing.

Minnsta krafa fyrir allt að 50 manna sal er því að á honum séu einar dyr fyrir a.m.k. 90 cm breiða hurð og björgunarop eða aðgangur að svölum á gagnstæðri hlið (sjá gr. 158, 159 og 206.6 í byggingarreglugerð). Björgunaropin skulu gerð eftir 1. og 2. mgr. í gr. 159 og skal reikna með því að hvert þeirra anní mest 10 manns. Fellistigar skulu vera viðurkenndir af Brunamálastofnun. Fyrir sal sem rúmar meira en 50 manns skulu ávallt vera a.m.k. tveir fullgildir óháðir útgangar, sbr. gr. 206.3 í byggingarreglugerð.

Leyfilegur hámarksmannfjöldi reiknast sem minnsta gildið af eftirfarandi: a, b, c eða d:

- a) Dansgólf og salir án borða og stóla: tveir menn á hvern fermetra gólfs. Veitingasalir með borðum og stólum: einn maður á hvern fermetra gólfs. Í báðum tilvikum er reiknaður nýtanlegur gólfflotur án fastra innréttinga. Í sal með föstum sætum reiknast sætafjöldinn að viðbættum þeim fjölda lausra sæta sem mætti bæta við án þess að þrengja að flóttaleiðum.
- b) Samanlögð breidd nýtanlegra flóttaleiða x 1 maður á hvern cm.
- c) 50 manns ef flóttaleið er aðeins ein (auk annarar leiðar sbr. gr. 206.6).
- d) 50 manns ef samkomuhúsið uppfyllir ákvæði um brunavarnir fjölbýlishúsa (gr. 104) en ekki ákvæði um brunavarnir samkomuhúsa (gr. 107).

Nýtanlegar flóttaleiðir teljast dyr og gangar sem eru a.m.k. 90 cm breiðar, opnanlegar án lykils og liggja út undir bert loft, inn í eldtraust stíghús eða inn í annað brunahólf með útgangi. Ef leið þrengist í flóttaáttina reiknast minnsta breiddin á leiðinni. Breidd reiknast sem nettódyraop (ljósmál) í axlarhæð. Taka má tillit til dyraopa sem eru undir 90 cm ef aðstæður eru góðar að öðru leyti.

Hurðaflekar með blindrílum reiknast ekki með. Full breidd vængjahurðar reiknast því aðeins að panikkslá eða snerill opni báða vængina.

Hurðir sem opnast inn (á móti flóttaátt) teljast ekki með sem flóttaleið úr sal sem á að rúma meira en 50 manns.

Flóttaleið sem er lengri en 25 metrar að útgangi telst ekki með.

Séu flóttaleiðir ójafnt dreifðar, þannig að meirihluti útganganna er á sama enda salar, getur hámarksfjöldinn takmarkast af stærð útganga úr hinum endanum. Miða má við að ekki fari meira en 2/3 mannfjöldans um útganga sem liggja við sama enda salar eða inn í sama rými.

Dæmi: 90 cm dyr eru úr öðrum enda salar, en 250 cm úr hinum. Salurinn telst þá rúma  $3 \times 90 = 270$  manns en ekki  $90 + 250 = 340$ .

Þegar meta skal hvort tveir útgangar séu óháðir má hafa til viðmiðunar að sjónhornið milli þeirra, þegar horft er úr salnum, sé ekki minna en 45 gráður. Ef hornið er minna, eru útgangarnir of nálægt hvor öðrum til að teljast óháðir.